

## REGLUR

### um ársreikninga verðbréfasjóða.

#### 1. gr.

Stjórn verðbréfasjóðs og rekstrarfélags hans skulu semja ársreikning verðbréfasjóðs fyrir hvert reikningsár sem er almanaksárið. Ársreikningur skal hafa að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning og skýringar. Ennfremur skal semja ársskýrslu. Ársreikningur og ársskýrsla mynda eina heild.

Ársreikningur og ársskýrsla skulu undirrituð af stjórnnum verðbréfasjóðs og rekstrarfélags. Hafi einhverjir stjórnarmanna mótþáttur fram að færa gegn ársreikningi skulu þeir undirrita með fyrirvara og gera skal grein fyrir því í ársskýrslu hvers eðlis fyrirvarinn er.

Framsetning ársreiknings skal vera með skýrum hætti og í samræmi við ákvæði laga og góða reikningsskilavenju.

#### 2. gr.

Rekstrarreikningur verðbréfasjóðs skal gerður þannig að hann gefi, með hliðsjón af rekstri félagsins, skýra mynd af því hvernig hagnaður eða tap reikningsársins hefur myndast. Uppsetning og sundurliðun rekstrarreiknings skal í meginatriðum vera með þeim hætti sem fram kemur í fylgiskjali 1 með reglum þessum.

#### 3. gr.

Efnahagsreikningur verðbréfasjóðs skal gerður þannig að hann gefi skýra mynd af eignum, skuldum og eigin fé í lok reikningsárs. Uppsetning og sundurliðun efnahagsreiknings skal í meginatriðum vera með þeim hætti sem fram kemur í fylgiskjali 2 með reglum þessum.

Mat á eignum verðbréfasjóðs skal vera með eftirtöldum hætti:

1. Verðbréf sem skráð eru á opinberum verðbréfamarkaði eða ganga kaupum og sölum á öðrum skipulegum markaði skulu metin samkvæmt því kaupgengi sem gildir á markaðnum á hverjum tíma.
2. Önnur verðbréf en um getur á 1. tölulið skulu metin með hliðsjón af þeirri ávöxtunarkröfu sem þau voru keypt á að viðbætti eða frádræginni þeirri breytingu sem orðið hefur að meðaltali á ávöxtunarkröfu verðbréfa á verðbréfamarkaði frá þeim tíma sem þau voru keypt. Þegar um er að ræða verðbréf sem ástæða er til að ætla að innheimtist ekki að fullu skal leggja mat á niðurfærsluþörf þeirra með hliðsjón af áætlaðri tapshættu. Ennfremur skal reikna almenna niðurfærsluþörf í samræmi við 1. tölulið 5. gr. reglugerðar um framkvæmd útreiknings á innlausnarvirði hlutdeildarskírteina verðbréfasjóða nr. 362/1993.
3. Yfirteknar eignir skulu metnar til verðs með hliðsjón af því verðmæti sem ætla má að fengist fyrir viðkomandi eignir við sölu að frádrægunum áætluðum sölukostnaði.

#### 4. gr.

Í skýringum með ársreikningi skal gefa upplýsingar um reikningsskilaaðferðir og annað sem máli skiptir við mat á rekstrarafkomu og fjárhagsstöðu, þ.m.t. um endurmatslækkun og niðurfærslu eigna. Jafnframt skal gefa upplýsingar um eftirfarandi atriði með vísan til viðeigandi liða í ársreikningi. Fyrir verðbréfasjóð sem starfar í aðgreindum deildum skulu upplýsingarnar ná til einstakra deilda hans:

1. Sundurliðun verðbréfaeignar svo og hlutfallsleg skipting samkvæmt þeim viðmiðum sem helst eiga við í ljósi fjárfestingarstefnu verðbréfasjóðsins eða deildarinnar, sbr. ennfremur leiðbeinandi sýnishorn á fskj. 3 með reglum þessum. Að lágmarki skal sundurliða verðbréfaeign eins og sýnt er í tölulíðum 1-5 í fylgiskjali 3.
2. Heildarnafnverð eða fjöldi eininga útgefna skírteina.
3. Gengi hlutdeildarskírteina í lok reikningsárs og ávöxtun síðustu 3, 6 og 12 mánaða.
4. Hlutfall skammtímalána af eignum verðbréfasjóðsins, sbr. 1. mgr. 28. gr. laga um verðbréfasjóði, nr. 10/1993 með síðari breytingum.
5. Greinargerð um breytingar á samsetningu verðbréfasjóðsins á uppgjörstímabilinu.
6. Samanburðartölur fyrir þrjú næstliðin reikningsár, sem meðal annars hafa að geyma fyrir hvert reikningsár miðað við lok þess:
  - a) Bókfært verðmæti hlutdeildarskírteina.
  - b) Gengi hlutdeildarskírteina.

## 5. gr.

Endurskoðaður ársreikningur verðbréfasjóðs ásamt ársskýrslu skal sendur Fjármálaeftirlitinu innan tíu daga frá undirritun og eigi síðar en þremur mánuðum eftir lok reikningsárs. Sömu gögn skulu vera aðgengileg viðskiptamönnum verðbréfasjóðs.

## 6. gr.

Reglur þessar eru settar samkvæmt heimild í 6. mgr. 30. gr. laga um verðbréfasjóði nr. 10/1993, með áorðnum breytingum, og öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi reglur útgefnar af bankaeftirliti Seðlabanka Íslands frá 30. desember 1993, um gerð ársreiknings verðbréfasjóða.

*Fjármálaeftirlitinu, 10. september 2001.*

**Páll Gunnar Pálsson.**

**Ragnar Hafliðason.**

**Fylgiskjal 1.****REKSTRARREIKNINGUR****FJÁRMUNATEKJUR:**

Vextir, verðbætur, gengismunur og arður

**FJÁRMAGNSGJÖLD:**

Vextir og verðbætur á hlutdeildarskírteini  
Önnur vaxtagjöld

Fjármunatekjur - fjármagnsgjöld án verðbreytingarfærslu  
Reiknuð gjöld vegna verðlagsbreytinga

Hreinar fjármunatekjur

**ÖNNUR REKSTRARGJÖLD:**

Umsýsluþóknun  
Fjárvörslugjöld  
Laun og launatengd gjöld

Annar rekstrarkostnaður

Hagnaður fyrir tekjuskatt og eignarskatt  
Tekjuskattur og eignarskattur  
**HAGNAÐUR ÁRSINS**

### **EFNAHAGSREIKNINGUR**

#### **EIGNIR**

##### **VERÐBRÉF:**

Skuldabréf skráð á opinberum eða viðurkenndum markaði  
Önnur skuldabréf  
Hlutabréf skráð á opinberum eða viðurkenndum markaði  
Önnur hlutabréf  
Hlutdeildarskírteini skráð á opinberum eða viðurkenndum markaði  
Önnur hlutdeildarskírteini  
Skuldaskjöl skv. 3. mgr. 20. gr. laga nr. 10/1993

##### **AÐRAR EIGNIR:**

Bankainnstæður  
Innleystar eignir  
Aðrar eignir

#### **EIGNIR SAMTALS**

#### **SKULDIR OG EIGIÐ FÉ**

##### **HLUTDEILDARSKÍRTEINI:**

Hlutdeildarskírteini

##### **AÐRAR SKULDIR:**

Bankalán  
Reiknuð opinber gjöld  
Aðrar skuldir

Skuldir samtals

##### **EIGIÐ FÉ:**

Hlutfé  
Lögbundinn varasjóður  
Endurmatsreikningur  
Óráðstafað eigið fé

Eigið fé samtals

#### **SKULDIR OG EIGIÐ FÉ SAMTALS**

